

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 8. febrúar 2024 eftirfarandi tillögu:

*„Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkir að fela sveitarstjóra að gera tillögu að erindisbréfi fyrir starfshóp sem hafi það hlutverk að koma fram með tillögu að skipulagi þess hver og hvernig aðkoma Dalabyggðar verði að íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu í framtíðinni. Tillaga að erindisbréfi verði kynnt fræðslunefnd og í kjölfarið lögð fram til staðfestingar í sveitarstjórn.*

*Í tillögu að erindisbréfi verði það m.a. tilgreint hver tilgangur með starfshópnum sé, hvernig hópurinn skuli skipaður, fjöldi fulltrúa í starfshópnum og annað það sem máli skiptir í vinnu sem þessari. Einnig verði tilgreint hvaða starfstíma hópnum er ætlað að starfa, fjöldi funda og við hverja skuli haft samráð.“*

### **Erindisbréf**

#### **Starfshópur um skipulag íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfs í Dalabyggð**

1.gr.

Starfshópurinn skipa þrjú fulltrúar Hópurinn tekur til starfa í mars 2024 og er áætlað að hann ljúki störfum í ágúst 2024 og skili þá tillögum til sveitarstjórnar sem beri ábyrgð á störfum hópsins. Sveitarstjórn skipar formann hópsins

2.gr.

Skipa skal í hópinn samkvæmt tilnefningum frá eftirfarandi aðilum.

- Einn fulltrúi tilnefndur af sveitarstjórn Dalabyggðar
- Einn fulltrúi tilnefndur af fræðslunefnd Dalabyggðar
- Einn fulltrúi tilnefndur af UDN

3.gr.

Hlutverk starfshópsins er:

- Að vinna stöðugreiningu varðandi íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu
- Að vinna úttekt á mögulegri samlegð á utanumhaldi með skipulag íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfs með umsjón á rekstri íþróttamannvirkja.
- Einnig verði horft til
  - o Gera tillögu að nýrri íþróttá og tómstundastefnu Dalabyggðar – sjá slóð:  
<https://dalir.is/wp-content/uploads/2022/01/ithrotta-og-tomstundast-2020.pdf>
  - o Samskipti við félag sem sinna málaflökkunum í Dalabyggð
  - o Skipulagi og möguleika hvað varðar samþættingu sumarstarfs og vinnuskóla
  - o Taka saman framboð á íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarfi í Dalabyggð og gera tillögur að því hvernig hægt sé að auka framboð/fjölgja möguleikum (gott að eiga hugmyndir í banka þegar við fáum fjármagn/styrki sem á að nýta í þennan málaflökk)
  - o Aðkomu ungmennaráðs og félags eldri borgara að stjórn viðkomandi málaflökka í Dalabyggð
  - o Skoða fyrirkomulag tómstundastyrks/frístundastyrks, upphæð og tillögur að leiðum til að ná til mögulegra notenda (vantar umsóknir)

- Gera tillögu að hvernig reglum um tómstundastyrk sé best fyrir komið.
- Þá hefur hópurinn tækifæri til þess að skoða fleiri möguleika sem upp koma í vinnu hópsins.

#### 4.gr.

Sveitarstjóri vinnur með hópnum og sér um að færa fundargerðir í tölvu og undirbúa fundi í samráði við formann vinnuhópsins. Hópurinn getur kallað til sín gesti, þ.m.t. starfsmenn Dalabyggðar og forsvarsfólk frjálsra félagasamtaka, á fundi ef og þegar þurfa þykir.

#### 5.gr.

Starfshópurinn fær greitt samkvæmt nefndataxta Dalabyggðar. Hafa skal sem viðmið að hópurinn fundi allt að sex sinnum á starfstímanum.